


## AFSTÖÐUMYND
1 : 200

**BYGGINGALÝSING OG GREINARGERÐ HÖNNUÐA**

**LANDEIGNANÚMER:** L142925
**MATSHLUTI:** 01
**STAÐGREINIR:** 6250-1-84730490
**HLUTVERK:** ÍBÚÐARHÚS

**a. Almennt:**
Götuheiti: Suðurgata 49, 580 Siglufirði

**b. Notkun:**
Um er að ræða einbýlishús á þremur hæðum
Bygging verður í notkunarflokki 3 - skv. gr 9.1.3, BR 112/2012

**c. Helstu stærðir:**

| | brúttóflötur (D8) | brúttórúmmál (D11) | birt flatarmál (D13) |
|---|---|---|---|
| Botn | - | 15,6 m³ | - |
| Kjallari | 78,1 m² | 222,6 m³ | 78,1 m² |
| Jarðhæð | 73,2 m² | 222,6 m³ | 73,2 m² |
| Rishæð | 73,2 m² | 189,8 m³ | 56,5 m² |
| Samtals: | 224,5 m² | 650,6 m³ | 207,8 m² |

**d. Hámarkstærðir, lóðarstærð, nýtingarhlutfall:**

| | (D8) | (D9) | Brúttó stærð skv. ÍST 50 |
|---|---|---|---|
| Brúttó m2 | 224,5 m2 | -16,7 m2 | 207,8 m2 |

Lóðarstærð: 350 m2
Nýtingarhlutfall 207,8 / 350 = **0,59**

**e. Burðarvirki:**
- Allar undirstöður og kjallaraveggir eru núverandi steyptir veggir, kjallaraveggir eru einangraðir að utan með 100mm steinullareinangrun. Steyptir veggir og undirstöður verða styrktir sérstaklega gerist þess þörf.
- Útveggir CLT einingum, einangraðar að utan með 100mm steinullareinangrun.
- Þakvirki er 225mm sperruþak steinullareinangrun. Þak halli er 35°
- Gólfplata kjallara er staðsteypt núverandi plata
- Gólfplata á milli hæða er úr CLT einingum

**f. Utanhússfrágangur og litaval:**
Útveggir:
Útveggir eru klæddir með loftræstri báruklæðningu.

Þak:
Þak er hefbundið sperruþak, klætt með borðaklæðningu og einangrað með 200m steinull.
Klæðning á þak er báruklæðning

Gluggar og hurðir.
Allir gluggar og hurðir eru smíðaðir úr timbri og skulu fylgja leiðbeiningum minjastofnunar í gerð og útliti glugga frá þessu tímabili.
Allt gler sem nær niður að gólfi eða minna en 600mm uppí gler skal það vera öryggisgler og uppbyggging (Hert og/eða samlímt) aðlögúð aðstæðum.

**g. Handrið:**
Öll handrið skulu uppfylla kröfur bygginarreglugerðar gr. 6.5.4 í br. 112/2012 með síðari breytingum.

Handrið á stigum innanhúss skulu a.m.k. vera 0.9 metrar.
Handrið á svölum skal vera 1,2 m hátt

**h. Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf:**
**U-gildi einstakra byggingarhluta uppfylla ÍST 66:**

| | |
|---|---|
| - þak | kólnunartala U (W/m²K) = 0,20 |
| - útveggir ein. að utan | kólnunartala U (W/m²K) = 0,40 |
| - botnplata | kólnunartala U (W/m²K) = 0,30 |
| - gluggar | kólnunartala U (W/m²K) = 2,0 |
| - hurðir | kólnunartala U (W/m²K) = 2,0 |
| - vegið meðaltal útveggir, gluggar og hurðir | 0,57 w/m² °k |
| - heildarvarmatap á m² húss | 0,84 w/m² °c |

**i. Innanhússfrágangur:**
Klæðningar innanhúss eru a.m.k. í flokki 2.

**Innveggir:**
Innveggir eru úr blikkgrind klæddir með tveimur lögum af 12,5 mm gifsklæðningu beggja vegna. Í votrýmum verða notaðar vatnsvarðar gifsplötur

**Innihurðir:**
Hefðbundnar timburhurðir. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra útidyra byggingar skal vera minnst 0,83 m og hæð minnst 2,07 m hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra innanhúss skal vera minnst 0,80 m og hæð minnst 2,00 m

**Stigar:**
Gönguhlutfall innistiga er uppstig 178mm, framstig 270mm og innskot 30 mm.

**Gólfefni:**
Á gólfum er parket á öllum rýmum nema í anddyri og votrýmum sem verða flísalögð.

**Loft:**
Loft með gifsklæðningu eru spörtluð og máluð.

**m. Hljóðvist:**
Ekki er um neinar sérstakar kröfur að ræða.

**n. Öryggisbúnaður:**
Byggingin verður búin hefðbundnu öryggiskerfi fyrir bruna og innbrot.

**k. Lagnir:**
Gólfniðurföll verða í öllum votrýmum, GN á grunnmyndum
inntök veitna (hita, neysluvatns og rafmagns) eru í þvottahúsi kjallara

**Frárennsli:**
Frárennsli tengist frárennsliskerfi

**Neysluvatn:**
Neysluvatn kemur úr dreifikerfi
Tryggja skal að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastig en 60°C

**Hitakerfi:**
Hitakerfi er gólfhitakerfi.
Helstu lagnaleiðir eru rör í rör í innveggjum og sérstökum lagnastokkum, upphitun er með gólfhita og ofnakerfi.
Rörin eru úr polypropylene (PP) sem er 100% endurvinnanlegt og hefur enga hættu á útskolun skaðlegra efna.
Frárennsli hitaveitu skal fara í regnvatnslögn og hámarkshitastig þess skal ekki vera hærra en 20°C

**Loftræsing:**
Öll rými eru náttúrulega loftræst um opnanleg fög þar sem það er hægt, önnur rými verða vélrænt loftræst.
Vélræn loftræsing (LR) er í eldhúsi, baðherbergi, þvottaherbergi og geymslu.

**Raflagnir:**
Raflagnir verða hefðbundar.
Raflagnahönnun skal uppfylla staðla ÍST 150 og ÍST 200.

**l. Brunavarnir:**
Veggklæðningar innahúss skulu ekki vera lakari en í flokki 2.
Klæðning undir svölum skal vera K10B,s1-d0
Veðurvörn utan á útveggi skal vera í flokki A,s1-d0
Vindvörn fyrir innan útveggjaklæðningu skal vera í flokki B,s1-d0

Reykskynjarar eru 2 stk. á hæð auk eins í öllum gistirýmum- sjá grunnmyndir.
- handslökkvitæki verða sett upp á hverri hæð td. 6 kg léttvatnstæki.
- eldstæði og reykháfur skulu uppfylla viðeigandi kröfur í byggingarreglugerð, reglugerð um eldvarnir og leiðbeiningar HMS nr. 192-BR1

**Brunahólfun**
Það er ekki þörf á að brunahólfa rými

**Brunaviðvörunarkerfi**
Húsið verður með hefbundna reykskynjara sem brunaviðvörun.

**Reyklosun**
Reyklosun er um glugga og hurðir.

**Aðkoma slökkviliðs**
Aðkoma slökkviliðs er frá Laugarvegi og Suðurgötu

**o. Tæknibúnaður:**
Ekki er um neinn tæknibúnað að ræða í húsinu fyrir utan hefðbundin vélræna loftræsting frá votrýmum og eldhúsi og innbrotavarnir.

**p. Aðgengi og algild hönnun.**
Um er að ræða einbýlishús á þremur hæðum sem uppfyllir sem slíkt ekki þær kröfur sem gerðar eru til heimils fatlaðra, kjallara hæðin (aðkomhæð Laugarvegur) er þó hönnuð með tilliti til þess að fattlaður einstaklingur geti verið þar sem ábúandi eða gestur. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra útihurða byggingar skal vera minnst 0,83m og hæð 2,07 m og hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra innanhúss skal vera minnst 0,8 m og hæð minnst 2,00m. Þröskuldur við inngangsdyr skal ekki vera hærri en 25mm.

**q. Frágangur lóðar.**
Frágangur á lóðarmörkum skal vera í samræmi við uppgefna hæðarkóta og landlegu og stallast eftir þörfum í samræmi við það.
Nánari útfærsla á lóð ákvarðast við hönnuði lóðarinnar, frágangur við lóðarmörk ákveðst í samráði við eigendur viðkomandi lóða.
Garðlýsing og lýsing á aðkomusvæðum liggur lágt, er lágstemmd og kastar ljósi niður á við. Bílastæði eru hellulögð, annar hluti lóðar eru grasflöt og hellulagðir fletir.

**r. Meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna.**
Gert er ráð fyrir 2xflokkun á sorptunnum fyrir heimilissorp og þær eru fyrir framan húss skv. grunnmyndum

**s. Sértækar aðgerðir.**
Ekki er um að ræða neinar sértækar aðgerðir í þessari byggingu.

**T. Rakaþétting.**
Húsið er steinsteypt að hluta til svo úr CLT einingum og einangrað að utan. Einangrun veggja og þaks munu tengjast þannig að ekki myndist kuldabrýr.
Einangrun er heil og óslitin frá vegg og í neðri brún sökkla.
Öll steypuskil verða með vatnslás og/eða þéttiborði bræddur yfir öll samskeyti til að hindra rakamyndin í vegg.

**U. Öryggi.**
Bæði í byggingu og á lóð er hönnun hagað þannig að hætta á slysum sé í lágmarki.
Frágangur og umhirða skal ávallt vera þannig að ekki skapist óþarfa hætta á slysum.
Farið er eftir byggingarreglugerð 112/2012 við hönnun og breytingar á byggingunni.
Birta og lýsing umferðarleiða verður tryggð fyrir alla aldurshópa.
Gengið er frá yfirborði allra gólfflata þannig að ekki myndist misfellur eða ójöfnur. Tekið er tillit til bleytu/hálku við val á gólfefnum.
Öryggisgler er í þeim gluggum sem eru gólfsíðir.
Meðan unnið er við þakvinnu þá eru fallvarnir tryggðar svo ekki skapist fallhætta ofan af þökum.
Læstur skápur er fyrir geymslu á lyfjum og öll hreinsiefni o.þ.h. í hverri íbúð.

Öll mál takist/staðfærist á staðnum áður en smíði hefst.
Misræmi í teikningum skal tafarlaust tilkynna hönnuðum.
Teikningar arkitekta skal lesa með teikningum meðhönnuða.

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: |
|---|---|---|---|
| A | 28.09.2022 | Aðaluppdrættir | gs |

**Verkheiti:** **Suðurgata 49, íbúðarhús**

Suðurgata 49 Siglufirði

**Verkhluti:** Afstöðumynd og byggingarlýsing

**Teikninganúmer:** **0.01.00**

**Verknúmer:** **22-035**

**Staðgreinir:** **6250-1-84730490**

**Landnúmer:** **L142925**

**Matshluti:** **mhl.01**

**Mælikvarði:** **1 : 200**

**Aðalhönnuður / Hönnunarstjóri:** **Sigurður Hallgrímsson**

**Teiknað:** **Grétar Snorrason**

**Yfirfarið:** **Sigurður Hallgrímsson**

**Dagsetning:** **28.09.2022**

**Útgáfa:** **A**

**Samþykkt:**

ARKÞING | NORDIC
HALLARMÚLI 4 - REYKJAVÍK 570 5700 - arkthing@arkthing.is - www.arkthing.is

| | | |
|---|---|---|
| SIGURÐUR HALLGRÍMSSON, | 170753-3139 | ARKITEKT |
| BIRKIR ÁRNASON, | 200787-3159 | BYGG.FR. |
| HALLUR KRISTMUNDSSON, | 220573-3899 | BYGG.FR. |
| HELGI MAR HALLGRÍMSSON, | 210279-3429 | ARKITEKT |

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Blaðastærð: A2

Prentað: 30.9.2022 07:33:51

Skrá: E:\Suðurgata49_Sumarhús-Siglufirði_gsHVK5R.rvt